

## FUNDARGERÐ

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs.

Haldinn miðvikudaginn 6. nóvember 2024 kl. 14:00

Sigurjón Andrésson bæjarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Tilnefndur til fundarstjóra var Sigurjón Andrésson og Ólöf Vilbergsdóttir var tilnefnd til fundarritara. Ekki komu fram aðrar tillögur og töldust þau þar með rétt kjörin.

Fundarstjóri fór yfir að boðað hefði verið til fundarins í samræmi við samþykkt byggðasamlagsins. Hann kallaði eftir því hvort gerðar væru athugasemdir við lögmati fundarins eða boðun hans. Engar athugasemdir komu fram. Fulltrúar tók þátt í fundinum gegnum fjarfundabúnað. Áður en að gengið var til dagskrár var farið yfir fjölda atkvæða og nöfn viðkomandi fulltrúa sveitarfélaga, skv. eftirfarandi.

Sveitarfélag	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2024	Fulltrúar á aðalfundi 2024
Vopnafjarðarhreppur	3	Kristrún Ósk Pálsdóttir
Fljótsdalshreppur	1	Lilja Sif Magnúsdóttir
Múlaþing	16	Helgi Hlynur Ásgrímsson og Jónína Brynjólfssdóttir
Fjarðabyggð	16	Stefán Þór Eysteinnsson
Hornafjörður	8	Sigurjón Andrésson

Starfsfólk HAUST sem sat fundinn án atkvæðisréttar: Lára Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri og Ólöf Vilbergsdóttir heilbrigðisfulltrúi.

### Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

- Skýrsla stjórnar fyrir árið 2023
- Ársreikningur 2023
- Umræða um liði 1 og 2
- Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár
- Gjaldskrá HAUST
- Umræður um liði 4 og 5
- Tillaga að breytingu á stofnsamþykkt
- Önnur mál

## 1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2023

Stefán Þór Eysteinnsson flutti skýrslu stjórnar og fylgir skýrslan fundargerðinni.

## 2. Ársreikningur 2023 lagður fram

Lára Guðmundsdóttir kynnti ársreikning 2023. Reikningurinn er endurskoðaður af KPMG. Ársreikningurinn var tekinn fyrir hjá heilbrigðisnefnd á fundi 17.10.2024 og þá afgreiddur til aðalfundar.

	Niðurstaða ársreiknings 2023	Áætlun 2023
Tekjur	88.363.939	90.493.796
Gjöld	91.575.292	90.495.315
<b>Niðurstaða</b>	<b>(2.342.776)</b>	<b>(1.519)</b>

## 3. Umræða um liði 1 og 2

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við ársreikninginn. Svo var ekki og skoðast hann því samþykktur samhljóða.

## 4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár

Lára Guðmundsdóttir kynnti fjárhagsáætlun komandi starfsárs. Drög að henni voru samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar 17.10.2024. Í áætluninni er meðal annars gert ráð fyrir að tímagjald hækki um 9,4% og að íbúafraglag sveitarfélaga verði óbreytt eða 25%.

## 5. Gjaldskrá HAUST

Lára Guðmundsdóttir kynnti tillögu að breytingu á gjaldskrá HAUST. Tillagan gerir ráð fyrir ráð fyrir að upphæðir í nýrri gjaldskrá verði eftirfarandi:

Gjaldskrárbreytingar			
	Nr. 146/2024	Tillaga 2025	Breyting
Tímagjald	16.000	<b>17.500</b>	9,38%
Vatnssýni	31.500	<b>34.000</b>	7,94%
Önnur sýni	23.000	<b>25.000</b>	8,70%
Ný starfsleyfi	30.000	<b>32.000</b>	6,67%
Endurnýjuð starfsleyfi	22.500	<b>24.000</b>	6,67%

## 6. Umræður um liði 4 og 5

Fundarstjóri gaf orðið laust. Til máls tóku: Stefán Þór Eysteinnsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Lára Guðmundsdóttir, Sigurjón Andrésson og Krístrún Ósk Pálsdóttir.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við fjárhagsáætlun. Svo var ekki og skoðast hún því samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við tillögu að breytingu á gjaldskrá. Svo var ekki og skoðast tillaga að breytingu á gjaldskrá, því samþykkt samhljóða.

## 7. Tillaga að breytingu á stofnssamningi

Stefán Þór Eysteinnsson, formaður Heilbrigðisnefndar Austurlands tekur til máls og leggur fram tillögu að breytingu á stofnssamningi byggðarsamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Í 6 gr. stofnssamnings verði bætt við svohljóðandi setningu: *Heimilt er að taka þátt í aðalfundi með rafrænum hætti.*

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væri við breytingartillöguna. Svo var ekki og skoðast breytingar á 6. gr stofnssamningi byggðarsamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, því samþykkt samhljóða.

## 8. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:40.

Fundargerðina staðfesta Sigurjón Andrésen fundarstjóri og Ólöf Vilbergsdóttir fundarritari, með rafrænni undirritun.

## Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Austurlands 2024

Stefán Þór Eysteinnsson formaður Heilbrigðisnefndar Austurlands.

### Heilbrigðisnefndin

Frá síðasta aðalfundi Heilbrigðisnefndar Austurlands (HAUST) hafa verið haldnir sex fundir. Þar af voru fimm símafundir en heilbrigðisnefnd ákvað að fækka staðfundum nefndarinnar úr tveimur í einn á ári. Jafnframt var lögð áhersla á að staðfundir yrðu nýttir betur til að kynna starfsemi á svæðinu. Staðfundur var haldinn á Egilsstöðum í október og fékk heilbrigðisnefnd kynningu á starfsemi HEF veitna.

### Starfsfólk og verkefni

Fastráðnir starfsmenn HAUST voru 6 í 5,2 stöðugildum. Starfsmönnum hefur fjölgað um ca. hálf stöðugildi á undanförunum árum en á sama tíma hefur starfsleyfum á starfssvæði HAUST fækkað. Mest hefur fækkunin verið hjá fyrirtækjum eða einkaaðilum með starfsleyfi fyrir gistingu í heimahúsi svokölluð heimagisting en leyfi fyrir slíkri gistingu hafa frá árinu 2017 verið gefin út af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru fjölmörg og hafa verkefni sem snúa að þjónustu við sveitarfélög s.s. yfirferð á aðaluppdráttum, umsögnum um skipulagsmál o.s.frv. aukist undanfarin ár. Verkefni sem snúa að tiltekt á lóðum og lendum eru óþrjótandi þó að mjög misjafnt sé eftir sveitarfélögum hvort þau óski eftir aðkomu heilbrigðiseftirlitsins. Tiltektarmál eru oft á tímum viðkvæmt málefni, krefjast oft mikils tíma og geta verið flókin þar sem ólík sjónarmið takast á. Sum heilbrigðiseftirlitssvæði hafa farið þá leið að ráða til starfa sérstakan starfsmann sem sinnir eingöngu umgengismálum.

### Fjárhagur

Stefnt hefur verið að því að reka heilbrigðiseftirlitið á þann veg að embættið standi undir kostnaði við að sinna lögbundnum skildum sínum. Rekstur heilbrigðiseftirlitsins hefur verið stöðugur og án ófyrirséðra atburða undanfarin ár. Vegna jákvæðrar fjárhagsstöðu embættisins var farin sú leið árin 2020, 2021 og 2022 að endurgreiða hluta af íbúaframlagi sveitarfélagana. Í kjölfarið var íbúaframlag sveitarfélagana lækkað árið 2023 úr 29,5% í 25%.

### Starfsumhverfi

Í lok júlí tók í gildi ný reglugerð um hollustuhætti eftir þó nokkurn tíma í mótun. Hollustuháttareglugerðin er hryggjastykkið í starfi heilbrigðisfulltrúa. Nokkur óánægja var með gildistöku reglugerðarinnar meðal heilbrigðisfulltrúa sem tók gildi þegar sumarfrí margra stóð yfir í lok júlí. Þá fyrirforst hjá ráðuneytinu að kynna fyrir heilbrigðisnefndum um gildistöku reglugerðarinnar. Ýmis vafamál og atriði í reglugerðinni sem hafa verið túlkunatriði sem vonir stóðu til að yrðu skýrari með gildistöku reglugerðarinnar, hafa ekki verið skýrð. Ferill við útgáfu starfsleyfa á sviði hollustuhátta hefur þungast við gildistöku reglugerðarinnar og má í því samhengi nefna að heilbrigðisnefnd bókaði á fundi sínum í september að breytingin á útgáfu starfsleyfa væri íþyngjandi fyrir fyrirtæki.

Stýrihópur var skipaður af umhverfis-, orku og loftslagsráðherra og matvælaráðherra í maí á þessu ári með það hlutverk að rýna fyrirliggjandi tillögur og ólíkar sviðsmyndir um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum sem og að koma með tillögu til að tryggja skilvirka framkvæmd eftirlits. Hópurinn mun einnig fjalla um og leggja drög að innleiðingu á miðlægu umsýsluferfi sem stuðli að samræmdri framkvæmd frá móttöku umsóknar til framkvæmdar eftirlits. Stýrihópurinn hefur nú fundað með öllum heilbrigðiseftirlitssvæðum en framkvæmdastóri HAUST og formaður heilbrigðisnefndar fundaði með hópnum í byrjun nóvember. Fundurinn var afar gagnlegur og ánægjulegt var að heyra að stýrihópurinn var jákvæður í garð heilbrigðiseftirlits og lagði áherslu á að tryggja áframhaldandi störf á landsbyggðinni. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sendi í júlí formlegt áminningarbréf þar sem fram kemur að Ísland hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt EES-Samningnum. Í athugasemdum ESA kemur fram að fyrirkomulag eftirlits með matvælum tryggi ekki nægjanlega vel samræmda framkvæmd eftirlits og að kerfið

tryggi ekki nægjanlega yfirsýn. Stýrihópurinn um fyrirkomulag eftirlits hefur fram til áramóta til að kynna tillögur að úrbótum á eftirlitskerfi með matvælum til ESA.

### **Lokaorð**

Það er óhætt að segja að undanfarin ár hafi verið krefjandi enda hafa hugmyndir um breytt fyrirkomulag eftirlits sett svip sinn á starf heilbrigðinefnda. Heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa lýst sig reiðubúin til að taka þátt í samstarfi um bætt heilbrigðiseftirlit í landinu enda starfar hæft og metnaðarfullt starfsfólk. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) hafa kallað eftir því að Matvælastofnun og Umhverfisstofnun sinni sínu lögbundna samræmingarhlutverki m.a. með útgáfu leiðbeininga, starfsskilyrða og að stofnanirnar séu í forsvari faghópa á sviði hollustuhátta, mengunar og matvæla.

Að lokum er bent á ársskýrslu Heilbrigðiseftirlits Austurlands sem nálgast má á heimasíðu HAUST en þar má finna nánara yfirlit yfir störf og verkefni heilbrigðiseftirlitsins.

# Undirritunarsíða

Ólöf Vilbergsdóttir

Sigurjón Andrésson